

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til verzlunarfélagsins Koch & Henderson, um gufuskipsferðirnar milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.

1867.

12. febrúar.

Í bréfi dagsettu 5. þ. m. hafið þér skýrt frá, að þér samkvæmt samningi við hið „sameinaða gufuskipafélag“ hère í bæn-um hafið selt því gufuskip yðar frá 1. janúarmán. þ. á., og hafið þér farið þess á leit, að stjórnarráðið gefi leyfi sitt til, að tæð félag gangi í yðar stað inn í samning þann, sem gjörður var milli dómsmálastjórnarinnar og yðar 13. febrúarmán. 1863.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að eptir málavöxtum er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu dómsmálastjórnarinnar, að hið „sameinaða gufuskipafélag“ gangi í yðar stað inn í tæðan samning, með því móti, að stjórnarnefnd optnefnds gufuskipafélags riti þetta á meðfylgjanda samning:

„Með því að dómsmálastjórnin hefir veitt samþykki sitt til, að verzlunarfélagið Koch & Henderson megi losast við skyldur þær, sem á þeim hvíla samkvæmt samningi þess-um, með því móti, að þeir seti hið „sameinaða gufuskipa-félag“ í sinn stað, tekst greint félag á hendur allar þær skyldur gagnvert dómsmálastjórninni, er samkvæmt þessum samningi hvíla á tæðu verzlunarfélagi.“

Þegar búið er að rita þetta á samninginn, búumst vèr við, að hann verði sendur hingað aptur.

8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-valdanna á Íslandi, um að leggja $\frac{2}{3}$ úr Sigurðar-stöðum til Presthóla brauðs.¹

19. febrúar.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt að úrskurða

¹) smbr. bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar 9. júlímán. 1860, er birtir konungsúrskurð 8. maímán. s. á um sameiningu Múla og Nes brauðs í Þingeyjarsýslu, l. b. 371. bls.

1867.

19. febrúar.

15. febrúarmán. þ. á., að þeir tveir þriðjungar úr Sigurðarstöðum í Þingeyjarsýslu, sem eru eign Grenjaðarstaðar kirkju, skulu ganga undan henni og vera hëðan af lagðir til Presthóla brauds í sömu sýslu.

Þetta er yður hër með til vitundar gefið, háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það og gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf.

26. febrúar.

9. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi um það, hvernig fara skuli með styrk þann, er uppgjafapresti eða prestsekkju hefir verið veittur af stjórnarráðinu, ef sá, sem í hlut á, deyr áður en styrkurinn hefir verið borgaður.

Reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir skotið til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort það megi standa óhaggað, að styrkur sá, er Steinunni prestsekkju Ólafsdóttur var veittur með bréfi hëðan 9. júlímán. 1864, og var 25 rd. að upphæð, hefir verið borgaður erfingja hennar, þó að tæð prestsekkja hafi andazt í júnímánuði 1864.

Um leið og þess skal getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið skrifað, að eptir því, hvernig á stendur, skuli ekki í þetta skipti hreyfa við því, sem gjört hefir verið í þessu efni, skal yður kunngjört útaf þessu yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hefir sett þá reglu framvegis, að ef að nokkur, sem veittur hefir verið með úrskurði stjórnarráðsins styrkur af 500 ríkisdöllum þeim, sem veittir eru árlega í fjárhagslögunum til styrktar handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum, deyr áður en styrkurinn hafi orðið borgaður, þá má ekki greiða búinu eða erfingjunum meira en svo mikinn part af styrktarskamtinum, er samsvari þeim tíma, sem liðið hefir frá byrjun fjárhagsársins og þangað til hlutadeigandi andaðist; en afganginum er yður, háæruverðugi herra, falið á hendur að útbyta einum